

Ar 1982, föstudaginn 4.júni var í málínu nr. 1/1982
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að kærandi, Eiríkur Bjarnason, á landspildu úr landi jarðarinnar Úteyjar i Laugardalshreppi í Arnessýslu, og tók kærandi til við byggingu sumarbústaðar á landi þessu á árinu 1979. Eign þess var skráð og metin í fasteignamatsskrá þeirri, er tók gildi 1.desember 1979. Að undangenginni kæru, var mat lækkað á sumarbústaðnum með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 11.nóvember 1979. Matsverð samkvæmt úrskurði þessum skyldi vera gkr. 4.090.000.- og skyldi matið gilda frá 1.desember 1979. Á grundvelli þessa fasteignamats var fasteignaskattur árið 1980 lagður á umrædda eign kæranda. Með bréfi, dags. 2.febrúar 1982, kærði kærandi nefnt fasteignamat til Yfirlasteignamatsnefndar og ennfremur álagningu fasteignaskatts á sumarbústaðinn 1980. Styður kærandi mál sitt einkum þeim rökum, að sumarbústaðurinn hafi ekki verið orðinn fokheldur fyrr en síðumars 1980, eins og nánar greinir í bréfi kæranda og framlögðum vottorðum. Er sérstaklega tekið fram af hálfu kæranda, að veturinn 1979-1980 hafi bústaðurinn verið opinn að neðan og vindar leikið um hann innan sem utan.


EKKI hefur verið hnekkt þeirri staðhæfingu kæranda, að umræddur sumarbústaður hafi eigi verið orðinn fokheldur fyrr en um sumarið 1980. Þá var heimilt að skrá og meta bústaðinn í fasteignamati. Hins vegar var ekki heimilt að leggja á hann fasteignaskatt ársins 1980, sbr. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, 13.gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt og reglugerð nr. 378/1978 um breytingu á síðastgreindri reglugerð sbr. ennfremur 3.mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignasrkáningu og fasteignamat.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Kæranda, Eiríki Bjarnasyni, er óskyld að svara fasteignaskatti, álöögðum á árinu 1980, af ofangreindum sumarbústað.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Guðmundur Magnússon.